## Faðir vor

*Draumalandið*

*Guðmundur Magnússon / Sigfús Einarsson*

## Moldun

Allt eins og blómstrið eina
upp vex á sléttri grund
fagurt með frjóvgun hreina
fyrst um dags morgunstund,
á snöggu augabragði
af skorið verður fljótt,
lit og blöð niður lagði -
líf mannlegt endar skjótt.

Ég lifi' í Jesú nafni,
í Jesú nafni' eg dey,
þó heilsa' og líf mér hafni,
hræðist ég dauðann ei.
Dauði, ég óttast eigi
afl þitt né valdið gilt,
í Kristí krafti' eg segi:
Kom þú sæll, þá þú vilt.

*Hallgrímur Pétursson*

## Blessun

## Eftirspil

*Air*

*J. S. Bach*



Prestur: Séra Guðbjörg Jóhannesdóttir
Organisti: Magnús Ragnarsson
Kór: Félagar úr Fóstbræðrum
Umsjón útfarar: Harpa útfararstofa

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar að athöfn lokinni ísafnaðarheimili kirkjunnar**

Bálför fer fram síðar

HARPA
ÚTFARARSTOFA

Prentun: Litróf

# Pálmi Hlöðversson

Fæddur 8. febrúar 1942
Dáinn 23. desember 2023



Útför frá Langholtskirkju
mánudaginn 5. febrúar 2024

## Forspil

*Largo*

*Handel*

## Bæn

Fögur er foldin,
heiður er Guðs himinn,
indæl pílagríms ævigöng.
Fram, fram um víða
veröld og gistum
í Paradís með sigursöng.

Kynslóðir koma,
kynslóðir fara,
allar sömu ævigöng.
Gleymist þó aldrei
eilífa lagið
við pílagrímsins gleðisöng.

Fjárhirðum fluttu
fyrst þann söng Guðs englar,
unaðssöng, er aldrei þver:
Friður á foldu,
fagna þú, maður,
frelsari heimsins fæddur er.

*Matthías Jochumsson / Þjóðlag frá Slésíu*

## Ritningarlestur

*Líttu sérhvert sólarlag*

*Bragi Valdimar Skúlason*

## Guðspjall







*Söknuður*

*Vilhjálmur Vilhjálmsson / Jóhann Helgason*

## Minningarorð

Sefur sól hjá Ægi,
sígur höfgi yfir brá.
Einu ljúflings lagi,
ljóðar fugl og aldan blá.
Þögla nótt, í þínum örmum,
þar er rótt og hvíld í hörmum,
hvíldir öllum oss.

*Sigurður Sigurðsson / Sigfús Einarsson*

## Bæn

Vér biðjum þig, Drottinn, að blessa þá hrjáðu,
þú birtir oss syndugum mátt þinn á jörð.
Lát náðarsól rísa, veg þeim öllum vísa,
er villir fóru leið, hafa týnt sinni hjörð.

Þú leiðir oss, Drottinn, að lindunum hreinu,
þú ljósið þitt kveikir við himnanna stól.
Um tíma þó syrti, þá brátt aftur birtir,
þú breiðir út þinn faðm og veitir oss skjól.

Vér flytjum þér lofgjörð, þú líknar og græðir
og léttir oss göngu í stormanna klið.
Frá ánauð og helsi gef hjörð þinni frelsi,
þín hjálp er jafnan nær! Ó, Guð, veit oss frið.
Veit oss þinn frið!

*Óskar Ingimarsson / Hollensk lag*